

## Viðbragðsáætlun vegna drefingar erfðabreyttra plantna/fræja í umhverfið

### Fylgiskjal með umsókn ORF Líftækni hf um leyfi til ræktunar á erfðabreyttu byggi á landi Landgræðslunnar í Gunnarsholti (2021)

**Tilgangur:** Fræða starfsmenn hvernig eigi að bregðast við slysi þar sem hættu er á að erfðabreytt fræ geti borist út í umhverfið.

**Áhætta:** Að erfðabreytt fræ berist í umhverfið (=slys). Aðstæður á vinnusvæði og vegum, skemmdarverk

**Varúðarráðstafanir:** Vel útbúið lokað flutningsílát, hentugt ökutæki, vandvirkni, nákvæmni, gengið vel frá sekkjuðu/plöstuðu korni í þar til gerð hólf/kassa/box/gám.

#### 1. Lýsing á vöktunaráætlunum og -aðferðum:

Samið verður við verkstjóra í Gunnarsholti um að fylgjast með ræktunarreitnum á meðan á ræktun stendur. Fylgst er með vexti plantanna og hvort ræktunarreitir eru lausir við ágang dýra og hvort merkingar eru í lagi. Vakt-aðilar munu gera reglulega (/vikulega) grein fyrir ástandi reitsins til ábyrgðaraðila hjá ORF Líftækni.

#### 2. Ef erfðabreytt fræ dreifast út í umhverfið

Ef erfðabreytt fræ dreifast út í umhverfið, t.d. vegna óhapps í flutningi, skal tilkynna það ORF Líftækni (Jón Már Björnsson, 8211588) ásamt því að tilkynna það til Umhverfisstofnunnar (Rakel Kristjánsdóttir, 5912000) tafarlaust. Tilkynning til Umhverfisstofnunnar skal innihalda upplýsingar um:

- tildrög slyssins;
- tegund og magn erfðabreyttra lífvera sem kunna að hafa dreifst í umhverfið;
- allar nauðsynlegar upplýsingar til að meta áhrif slyssins á heilsu almennings og á umhverfið;
- neyðarráðstafanir sem gerðar hafa verið.

Viðbrögð við slysi sem felur í sér hættu á dreifingu erfðabreyttra planta í umhverfið;

- starfsmaður skal afmarka svæðið sem lífverurnar (fræin) hafa borist á með sýnilegum hætti.
- starfsmaður skal undir eins byrja að tína saman öll fræ af svæðinu í ílát.
- halda skal merkingum á svæðinu til að hægt sé að fylgjast með því áfram.
- fylgst verður með svæðinu í 1 ár eftir þrif til að kanna hvort vart verði við erfðabreyttar plöntur
- verði vart við vöxt erfðabreyttra planta á svæðinu er hún rifin upp og henni fargað eins og ræktunarleyfi gerir ráð fyrir. Einnig má úða svæðið með Roundup plöntueitri sem myndi drepa allar hugsanlegar erfðabreyttar plöntur á svæðinu.

Samskonar tilkynningarskylda er ef vart verður við skemmdarverk eða tilraun til skemmdarverka.

Kópavogur, 27.1.2021

/Jón Már Björnsson